

## Fundargerð 10. fundar stjórnar SSA haldinn 18. mars 2025

Fundurinn haldinn á skrifstofu Múlaþings og hófst 13:00.

**Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru:** Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Puríður Lilly Sigurðardóttir, Eypór Stefánsson, Stefán Þór Eysteinnsson og Axel Örn Sveinbjörnsson. Jóhann Frímann Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

**Mætt frá Austurbrú:** Bryndís Fiona Ford, framkvæmdastjóri, Urður Gunnarsdóttir og Jón Knútur Ásmundsson (fundarritari).

**Gestir:** Stefán Bogi Sveinsson, fulltrúi laganefndar SSA.

- Fundargerð SSA nr. 9 til kynningar**
- Umsagnarbeiðnir til SSA – til kynningar**
  - Lagafrumvarp um kílómetragjald á ökutæki
  - Lagafrumvarp um vegalög (þjóðferjuleiðir)
  - Umhverfismat framkvæmda og áætlana
  - Lagafrumvarp um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða
  - Drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu um farsæld barna
- Umsagnarbeiðnir til svæðisskipulagsnefndar**
  - Veiðihús í landi Einarstaða - Breyting á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps
- Breytingar á sveitarstjórnarlögum**
  - Verkefnastjóri SSA kynnti fyrirhugaðar vinnustofur innviðaráðuneytisins, sem haldnar verða í öllum landshlutum, vegna heildarendurskoðunar ráðuneytisins á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Óskað er eftir þátttöku sem flestra kjörinna fulltrúa, bæjar- og sveitarstjóra, lykilstarfsfólks sveitarfélaga og landshlutasamtaka í vinnustofunum. SSA aðstoðar ráðuneytið með skipulagningu á Austurlandi.
- Breytingar á samþykktum SSA**
  - Fulltrúi laganefndar SSA fór yfir tillögu laganefndar að breytingum á samþykktum SSA sem kynnt var á haustþingi SSA árið 2024. Að auki kynnti hann breytingartillögu stjórnar sem fram kom fyrir fundinn. Stjórn samþykkir að leggja fram tillögu laganefndar, með framlögðum breytingum, til endanlegrar afgreiðslu á aðalfundi 9. maí.
  - Þá var rædd breytingartillaga Fljótsdalshrepps um að sveitarfélagið fái aðalmann í stjórn í stað áheyrnarfulltrúa eins og kveðið er á um í gildandi samþykkt SSA. Stjórn vísaði tillögu Fljótsdalshrepps til frekari umræðu og afgreiðslu á aðalfundi.
- Fundargerðir og erindi til kynningar**
  - SSH, fundur nr. [599](#), [600](#)

- SSS, fundur nr. [809](#)
- SSNV, fundur nr. [119](#), [120](#)
- Sambandið fundur nr. [965](#), [966](#), [967](#), [968](#), [969](#), [970](#), [971](#), [972](#)
- SASS, fundur nr. [619](#)

## 7. Önnur mál

- Rætt um aðgengi að upplýsingum til stjórnar í gegnum fundargátt.
- Framkvæmdastjóri upplýsti stjórnarmenn um stöðu skaðabótamáls Sternu gegn SSA. Dómsmálið hefur verið í bið á meðan matsgerð var unnin en nú liggur matskýrsla fyrir.

*Fundi slitið 15:00.*

## Undirritunarsíða

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Stefán Þór Eysteinnsson

Eyþór Stefánsson

Axel Örn Sveinbjörnsson